

1862. stjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að
2. júnim. beiðandanum sé veitt 5 rdl. þóknun á ári í því skyni, sem að
ofan er getið, og að þetta sé talið frá 1. janúarm. þ. á.

21. júnim. **37. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsýfir-
valdanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri
skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóð-
versku.**

Í framhaldi bréfs hëðan 15. febrúarmán. þ. á. skal yður
til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir enn fremur veitt Halldóri
Kr. Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, 300
ríkisdala styrk til að ferðast hëðan til Þjóðverjalands til að læra
betur þýzka tungu, og að fë þetta verður borgað honum úr
aðalféhirzlu ríkisins hër í bænum.

11. júlím. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins
yfir Íslandi, um sölu á Melkotstúni, er var eign
Reykjavíkur bæjar.**

Dómsmálastjórnin leggur hër með samþykki sitt á sölu þá,
er fram fór 7. maím. 1860, á túni, er var eign Reykjavíkur-
bæjar, til Bernhöfts bakara í Reykjavík með þeim kjörum, sem
tilgreind eru í uppboðsskilmálum þeim, er hingað voru sendir
með bréfi 26. aprílm. þ. á. Þetta skal yður til vitundar gefið
yður til leiðbeiningar, og til þess þer auglýsið það, svo sem
þörf er á¹.

1) Uppboðsskilmálar þeir, sem getið er í bréfi þessu, eru þannig
hljóðandi:

»Skilmálar

fyrir sölu á Melkotstúninu 7. maím. 1860.

„1. Túnið selst með áskildu samþykki stjórnarinnar til full-
„kominnar eignar og frjálsra umráða gegn ævarandi árgjaldi til
„Reykjavíkur bæjarsjóðs í álnatali, sem borgist í peningum eptir
„hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir
„í gjalddaga.